

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Njarðvíkurhrepps.

1. gr.

Af hverri fasteign, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu hreppsins skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28, 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.30% af framangreindu mati.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 500.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt samþykktum uppdráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár sem bygging þess hefst.

2. gr.

Sé vatn selt eftir mæli skal greiða kr. 4.00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Af vatnsmælum greiðist stofngjald kr. 2 500.00 og fastagjald kr. 1 500.00 á ári.

3. gr.

Framantalin gjöld skv. 1. og 2. grein eru miðuð við byggingavísitölu 1455 stig og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkun eða lækkun má þó ekki vera meiri en 50%.

4. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari greiðast af hús- og íbúðareiganda, lóðar-eiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 árin eftir gjalddaga þess með forgangsveði fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu vatnsskatts fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.